



Christopher Herwig

Ársskýrsla UNIFEM 2008

Próunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna



UNIFEM í stuttu máli



Magnea Marínósdóttir

Próunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM, var stofnaður árið 1976 í kjölfar heimsráðstefnu SP um málefni kvenna í Mexíkó 1975 en ráðstefnan leiddi í ljós að þörf var á sérstökum sjóði til að efla þróun og framfarir í þágu kvenna. Á þeim rúmu 30 árum sem sjóðurinn hefur verið starfræktur hefur tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna og stuðla að bættum lífskjörum þeirra og réttindum.

UNIFEM fer með umboð Sameinuðu þjóðanna til að vinna að jafnrétti kynjanna. Hlutverk UNIFEM er að vera brautryðjandi á sviði kynjajafnréttis í alþjóðlegri þróunarsamvinnu SP. Það gerir UNIFEM með því að styðja frumkvæði og aðferðir til að bæta stöðu kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið og stuðla að aðkomu og þátttöku kvenna í þróunarsamvinnu og innanlands stefnumótun.

Þrjú meginmarkmið liggja að baki starfi UNIFEM:

- Auka efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna.
- Auka aðkomu kvenna að lýðræðislegri uppbyggingu ríkja bæði á friðar- og stríðstímum.
- Draga úr ofbeldi gegn konum og útbreiðslu HIV/alnæmis meðal kvenna og stúlkna.

UNIFEM starfar í þróunarlöndum og á stríðshrjádum svæðum. Höfuðstöðvar sjóðsins eru staðsettar í New York og treystir UNIFEM alfarið á frjáls framlög frá ríkisstjórnnum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sjóðurinn hefur endurtekið verið útnefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP en þar er annars vegar horft til fjármálastjórnar stofnunarinnar og hins vegar til skilvirkni þróunarverkefna á hennar vegum.

UNIFEM á Íslandi er ein af 17 landsnefndum UNIFEM en þær eru frjáls félagasamtök sem styðja við starf sjóðsins. Markmið UNIFEM á Íslandi er að afla fjár til verkefna UNIFEM frá hinu opinbera, fyrirtækjum og einstaklingum sem og að kynna og auka áhuga landsmanna á UNIFEM. Þar að auki sinnir landsnefndin því hlutverki að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti friðar og framfara.

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2008 var einstaklega viðburðarríkt ár hjá landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Í byrjun árs var landsnefndin á kafi í undirbúningi fyrir hina metnaðarfullu *Fiðrildaviku* sem haldin var í mars. *Fiðrildavikan* var fjáröflun og vitundarvakning fyrir *Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum*. *Fiðrildavikan* tókst einstaklega vel. UNIFEM og Styrktarsjóðurinn voru á hvers manns vörum og rúmlega 90 milljónir króna söfnuðust. Úthlutað var úr Styrktarsjóðnum undir lok árs og styrkti landsnefnd UNIFEM á Íslandi tvö verkefni í Líberíu og eitt í Kongó.



Í framhaldinu hófst undirbúningur að frekari vitundarvakningu. Markmiðið var að halda fiðrildunum á lofti. Eitt stærsta verkefnið var undirskriftarsöfnunin *Segjum Nei við ofbeldi gegn konum*. Söfnunin var hluti af átaki UNIFEM um allan heim. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi lagði sitt af mörkum og safnaði 10.000 undirskriftum sem voru afhentar UNIFEM í New York á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi þann 25. nóvember. Margt var gert til að vekja athygli á málstaðnum og fá fólk til þess að skrifa undir. Landsþekkt fólk gekk til liðs við landsnefndina og las inn á útvarpsauglýsingar, morgunþáttur Bylgjunnar aðstoðaði við að standa fyrir fyrirtækjaáskorunum, Facebook hópur var stofnaður og síðast en ekki síst fengum við aðstoð félagsmanna UNIFEM til þess að safna undirskriftum eina helgi í Kringlunni. Vil ég fyrir hönd stjórnar landsnefndar UNIFEM á Íslandi þakka öllum þeim félagsmönnum sem lögðu hönd á plóg og einnig þeim fjölmörgu einstaklingum sem gáfu vinnu sína til þessa þarfa málefnis.

Undanfarið ár hefur félagsmönnum í landsnefnd UNIFEM á Íslandi fjölgað talsvert og er það okkur mikil ánægja. Með svo stóran og góðan hóp félagsmanna getum við fengið miklu áorkað og hvet ég alla félagsmenn að vera virkir þátttakendur í starfinu á komandi árum.

Regína Bjarnadóttir, formaður



Christopher Herwig

EFNISYFIRLIT

4 Fiðrildavikan

6 Innanlandsstarf
2008

10 UNIFEM á erlendum
vettvangi 2008

11 Styrktaraðilar
UNIFEM á Íslandi

12 Fjármál UNIFEM á
Íslandi

13 Overview of 2008



◀ Fiðrildavikan hófst á mánudegi með undirritun samninga við bakhjarla átaksins, Landsbankann og Eimskip. Á myndinni sjást fulltrúar fyrirtækjanna tveggja ásamt Hrund Gunnsteinsdóttur talskonu Fiðrildavikunnar, Guðrúnu Margréti Guðmundsdóttur þáverandi formanni UNIFEM á Íslandi og Kristínu Ólafsdóttur yfirstjórnanda verkefnisins og núverandi verndara félagsins.


▶ Á miðvikudeginum tók BAS hópurinn að sér skipulagningu á Fiðrildagöngu gegn kynbundnu ofbeldi frá húsa-kynnum UNIFEM við Laugaveg niður á Austurvöll. 500 manns tóku þátt en fyrir göngunni fóru 12 þjóðþekktir einstaklingar með kyndla, einn fyrir hvern mánuð ársins, til að minna á að ofbeldi gegn konum er málefni sem á upp á pallborðið allan ársins hring.



◀ Heiðursgestir Fiðrildavikunnar voru Olubanke King-Akerele utanríkisráðherra Líberíu (t.v. á myndinni) og Joanne Sandler sitjandi framkvæmdastýra UNIFEM. King-Akerele sagði: „Átakið sem íslensku konurnar standa fyrir mun hjálpa löndum eins og mínu gríðarlega, því við þurfum búnað og fjármagn til að liðsinna okkur í því að binda endi á ofbeldi gegn konum.“



▶ Á föstudeginum hélt Vatnadansmeijjafélagið Hrafnhildur uppboð á brjóstum þrjúnuðum af íslenskum konum um allt land undir yfirskriftinni „Gefðu brjóst – Gefðu líf“ til styrktar UNIFEM. Þessi skrautlega og skemmtilega uppákoma var haldin í versluninni Saltfélaginu og safnaðist rúmlega ein milljón króna.



◀ Á laugardagskvöldinu var haldin Fiðrildahátíð UNIFEM þar sem markmiðið var að fagna kvenleikanum og safna fé til styrktar verkefnum UNIFEM. Fjáröflunarkvöldverður og þögult uppboð á Fiðrildahátíðinni skiluðu samtals 23 milljónum króna í söfnunina.





Fiðrildavikan

Í fyrstu viku marsmánaðar árið 2008 var haldin Fiðrildavika UNIFEM. Hugmyndin að átakinu var tvíþætt: Í fyrsta lagi að vekja fólk til vitundar um stöðu kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum. Í öðru lagi að afla fjár til verkefna til afnáms ofbeldis gegn konum í Súdan, Líberíu og Kongó. Íslendingar voru hvattir til að hafa fiðrildaáhrif en þar var vísað í þá kenningu að vængja-sláttur örsmárra fiðrilda í einum heimshluta geti haft gríðarleg áhrif á veðurkerfi hinum megin á hnettinum. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og söfnuðust í heildina rúmlega 90 milljónir króna í Fiðrildavíkunni. Söfnunin fór fram með ýmsum hætti; fjáröflunarkvöldverði, uppboði á þrónuðum brjóstum, þöglu uppboði, símsöfnun og vörusölu, auk þess sem fyrirtæki, einstaklingar og stjórnvöld studdu dyggilega við söfnunina.

Ráðin var verkefnastýra en að öðru leyti var allur undirbúningur að langmestu leyti unninn í sjálfboðaliðastarfi stjórnarkvenna og öflugra stuðningskvenna UNIFEM. Fjölmíðlar tóku virkan þátt í Fiðrildaviku UNIFEM og þar þar hæst umfjöllun Kastljóss sem sýndi röð örmynda sem gerðar höfðu verið sérstaklega fyrir verkefnið af þeim Hrund Gunnsteinsdóttur, sem átti hugmyndina að baki Fiðrildavíkunni, og Kristínu Ólafsdóttur núverandi verndara UNIFEM á Íslandi. Hægt er horfa á myndirnar á heimasíðu UNIFEM á Íslandi – www.unifem.is.

Söfnunarféð rann til verkefna í Líberíu og Kongó en ekki reyndist unnt að styðja verkefni í Súdan að þessu sinni þar sem Styrktarsjóði UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum barst engin tæk umsókn þaðan. Í staðinn var stutt við tvö mismunandi verkefni í Líberíu.

Fyrri verkefnið sem Fiðrildasöfnunin styður í Líberíu miðar að því að hjálpa konum, sem urðu fyrir ofbeldi meðan á 14 ára borgarastyrjöld stóð í landinu, við að endurreisa líf sitt auk þess að stöðva þá ofbeldisöldu gegn konum sem enn varir í landinu. Í desember 2006 hóf UNIFEM samstarf við ríkisstjórn Líberíu sem er undir forystu fyrsta kvenforseta Afríku, Ellen Johnson-Sirleaf. Miklir möguleikar eru á að ná góðum árangri í Líberíu þar sem mikill pólitískur vilji er til staðar og þannig gæti Líbería orðið fordæmisgefandi fyrir önnur Afríkuríki. 400.000 Bandaríkjadalir úr Fiðrildavíkunni voru látnir renna inn í verkefni sem lauk í desember 2008. Verkefnið sneri að því að setja lög til að vernda konur gegn kynbundnu ofbeldi og þjálfra fólk sem starfar í málaflökknum eins og lögregluþjóna og dómara í beitingu laganna og þýðingu þeirra fyrir konur. Þá voru opnaðar þjónustuleiðir fyrir konur til að sækja sér bæði sálræna aðstoð sem og aðstoð við að leita réttar síns.

Hitt verkefnið í Líberíu mun fara af stað árið 2009. Verkefnið sem mun fara fram í héruðum í Suð-Austur Líb-

eríu miðar að því að koma lögum frá 2006 um nauðganir í framkvæmd og erfðalögum frá árinu 2001. Verður m.a. áhersla lögð á þátttöku karla í ferlinu. Þá verður sjónum beint að því hvernig ofbeldi er samtvinnuð útbreiðslu HIV og unnið með HIV smituðum að bættum lífskjörum og auknum réttindum.

Verkefnið sem UNIFEM á Íslandi styður í Kongó miðar að því að framfylgja laga-setningu frá 2006 um kynferðisofbeldi og vinna að því að refsað verði fyrir brotin eins og lögin gera ráð fyrir. Verkefnið fer fram í héraðinu Ituri, en þar sem annars staðar í Austur-Kongó hafa átök staðið yfir í áraraðir og búa borgararnir við hörmulega lögleysu, ofbeldi og misnotkun.

Verkefnið er liður í því að uppræta ofbeldismenninguna og refsileysi í kynferðisafbrotamálum í Kongó. Vonir standa til að þolendur nýti þá þjónustu sem þeim stendur til boða og sækji sinn lagalega rétt og að það muni skila þeim árangri. Þá er lögð áhersla á að Stjórn-málamenn og aðrir málsmetandi aðilar taki málið upp á sína arma og stuðli að viðhorfsbreytingu varðandi ofbeldi gegn konum.



Magnea Marinósdóttir

Innanlandsstarf 2008



Gestir á UNIFEM-UMRÆÐUM í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Fundirnir hafa verið sérlega vel sóttir.

Janúar

UNIFEM – umræður

Í upphafi árs var ákveðið að fara af stað með fundarröð undir heitinu UNIFEM-UMRÆÐUR. Markmið fundanna er að varpa ljósi á stöðu kvenna í þróunarríkjum og á stríðshráðum svæðum sem og að kynna starf UNIFEM. Þeir eru haldnir fyrsta laugardag hvers mánaðar yfir vetrartímamann í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Á árinu voru haldnir sex fundir m.a. um stöðu kvenna í Kongó, Súdan, Líberíu, Karíbahafinu, Malaví, Íran og á Balkanskaga auk þess sem fjallað var um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fá Íslendinga sem hafa unnið á vettvangi til að segja frá reynslu sinni. Hafa fundirnir verið sérlega vel sóttir

og hefur greinilega verið þörf fyrir fræðslufundi af þessu tagi.

Febrúar

Heimsókn frá Ísrael og Palestínu

Í febrúar fékk UNIFEM á Íslandi heimsókn frá Friðarsamtökum ísraelskra og palestínskra kvenna sem voru hér á landi á vegum utanríkisráðuneytisins. Tóku nokkrar stjórnarkonur á móti þeim og fræddust um hvernig þær hafa tekið höndum saman í tilraunum sínum til að koma böndum á vopnaskak og mannréttindabrot á hernumdu svæðunum.

Mái

Írönsk fræðikona í heimsókn

Í maí hélt Nadereh Chamlou, ráðgjafi um málefni Mið-Austurlanda og

Norður-Afríku hjá Alþjóðabankanum, fyrirlestur á vegum UNIFEM á Íslandi og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Hún fjallaði um eflingu kvenna og réttindi þeirra í Mið-Austurlöndum. Hún lagði sérstaka áherslu á að varpa ljósi á raunveruleika kvenna í Mið-Austurlöndum og uppræta goðsagnir um stöðu kvenna og benda á hvar hin raunverulegu tækifæri til að efla stöðu kvenna væri að finna. Á meðan á dvöl hennar stóð átti hún einnig fund með utanríkismálanefnd Alþingis.

Ágúst

Segjum NEI við ofbeldi gegn konum!

Þann 14. ágúst síðastliðinn var ýtt úr vör undirskriftasöfnuninni *Segjum NEI við ofbeldi gegn konum* þar sem þrír ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands riðu á vaðið og skrifuðu undir átakið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Átakið var íslenskur



Sjálfbóðaliðar úr röðum félagsmanna í UNIFEM á Íslandi söfnuðu undirskriftum í Kringlunni fyrir átakið *Segjum NEI við ofbeldi gegn konum*.



Magnea Marinósdóttir



Magnea Marinósdóttir



Magnea Marinósdóttir

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristján Möller rituðu nafn sitt undir yfirlýsinguna **Segjum NEI við ofbeldi gegn konum** fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.*

hluti alþjóðlegs átaks sem hófst í lok árs 2007 en bæði því íslenska og alþjóðlega lauk á baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi þann 25. nóvember 2008. Átakið hvatti fólk til þess að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu um afnám ofbeldis gegn konum og ákall til ráðafólks á heimsvísu um að gera það að forgangsverkefni að binda endi á ofbeldi gegn konum. UNIFEM á Íslandi opnaði sérstaklega íslenska síðu til að halda utan um þær undirskriftir sem söfnuðust hér á landi en alls söfn-

uðust 10.000 undirskriftir á Íslandi. Ýmislegt var gert til að vekja athygli á áttakinu, m.a. tóku nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins þátt í áskorun þar sem þau hvöttu sína starfsmenn til að skrifa undir. Áskorunin fór fram í samstarfi við morgunútlit Bylgjunnar. Félagar í UNIFEM á Íslandi fylktu liði í Kringluna og kynntu þar átakið fyrir gestum og gangandi auk þess að safna undirskriftum. Jafnframt tóku 11 þjóðþekktir einstaklingar þátt í útvarpsauglýsingum þar sem almenningur var hvattur til að skrifa undir.

Langtíburtuistan

Á menningarnótt í Reykjavík 23. ágúst bauð UNIFEM á Íslandi gestum og gangandi á framandi kvennaslóðir. Í Lang-



tíburtuistan var hægt að sjá myndir af lífi og starfi kvenna um heim allan, máta hefðbundna búninga fólks víða að og hlýða á tónlist frá hinum ýmsu heimshornum. Langtíburtuistan var haldið í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna,



Magnea Marinósdóttir



Guðrún Sif Friðriksdóttir



Ragnar Gunnarsson



Magnea Marinósdóttir

Bæði tvö í hefðbundnum búningum frá Afganistan í Langtíburtaistan á Menningar-nótt.

stöðu kvenna í Afríku. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona, flutti sögulejóf eftir Hrund Gunnsteinsdóttur sem samið var í tilefni Fiðrildavikunnar og Kristín Ólafsdóttir, verndari UNIFEM á Íslandi, ávarpaði samkomuna.

September Fiðrildafréttir

Í september kom út fyrsta tölublað Fiðrildafréttanna sem er rafrænt fréttabréf Fiðrildaáttaksins og er sent til allra styrktaraðila þess. Í fréttabréfinu var megináherslan á umfjöllun um verkefni í Líberíu sem hlaut stuðning fyrir tilstilli fiðrildaáhrifa Íslendinga.

Landsnefndafundurinn UNIFEM á Íslandi tók á móti fulltrúum

annarra landsnefnda UNIFEM í september en landsfélög UNIFEM eru alls 17 talsins í heiminum. Samráðsfundurinn hér á landi tókst afar vel þar sem landsfélögin miðluðu sín á milli hugmyndum og góðum ráðum og eflðu samstarf sitt.

Nóvember Morgunverðarfundurinn

„Líf án ofbeldis er allra réttur“ var yfirskrift hins árlega morgunverðarfundar UNIFEM á Íslandi sem haldinn var á Hótel Holti þann 25. nóvember. Heiðursgestur fundarins var Gro Lindstad, yfirmaður UNIFEM á sviði samstarfs við ríkisstjórnir og þjóðþing. Áður en hún tók til máls ávarpaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fundinn þar sem hún lagði áherslu á að upp-

húsakynnum UNIFEM við Laugaveg, og litu um 200 manns við á rölti sínu um bæinn.

Navia

UNIFEM á Íslandi tók þátt í að kynna verkefnið Navia sem miðar að því að norrænar konur efla konur í Afríku í krafti samstarfs þeirra á milli. Saman vildu samtökin vekja athygli á leiðum til að binda endi á ofbeldi gegn konum með því að veita þeim von, virðingu og tækifæri. Verkefninu var ýtt úr vör með athöfn sem fór fram í Höfða í ágúst. Þar söng norrænni sönghóppinn NAVIA en hann skipa fimm söngkonur, ein frá hverju Norðurlandi, og er markmið þeirra að vekja athygli á bágru



Erika Linder

Fulltrúar frá landsnefndum UNIFEM víða að úr heiminum á fundi á Íslandi.



Christopher Herwig



Christopher Herwig



Valdis Thor/mbl

Emebet Merkuria frá Eþíopíu sagði frá reynslu sinni af því að hafa flutt til Íslands og því að koma frá landi þar sem ofbeldi gegn konum er samfélagslega samþykkt.

ræta þá þöggun sem umlykur ofbeldi gegn konum. Gro tók síðan til máls og gerði grein fyrir verkefnum UNIFEM víðs vegar um heim sem hafa það að markmiði að binda endi á ofbeldi gegn konum. Annar ræðumaður á fundinum var Emebet Merkuria frá Eþíopíu sem er búsett hér á landi. Hún sagði frá því að í Eþíopíu er litið á konur sem annars flokks þegna og að karlmenn hafi bæði rétt og völd til þess að ráðskast með konur og beita þær ofbeldi.

Tímaritið

Hið árlega Tímarit UNIFEM kom út að venju á baráttudegi SP gegn kynbundnu ofbeldi þann 25. nóvember. Í tímaritinu er að finna áhugaverðar

og auðlesnar greinar sem ætlað er að vekja lesendur til umhugsunar um það óréttlæti sem konur og stúlkur víða um heim þurfa að líða. Þar segir einnig frá innanlandsstarfi UNIFEM sem og frá verkefnum á vettvangi auk fræðslu um stöðu kvenna í hnattrænu samhengi.

Desember

Jólaglögg

Í desember bauð UNIFEM svo til jólaglöggs í húsakynnum sínum. Þar las Ragnhildur Sverrisdóttir úr bók sinni: *Velkomin til Íslands – sagan af Sri Rahmawati* og Auður Alfífa Ketilsdóttir las úr bók Höllu Gunnarsdóttur *Slæðusviptingar: Raddir íranskra kvenna*. Þá spilaði Elín Eypórsdóttir og söng nokkur lög.



Magnea Marínósdóttir

Gro Lindstad, (fyrir miðju), heiðursgestur Morgunverðarfundarins, tók við undirskriftum frá stjórn UNIFEM á Íslandi úr íslenska hluta átaksins *Segjum NEI við ofbeldi gegn konum* fyrir hönd höfuðstöðva UNIFEM.



UNIFEM á erlendum vettvangi 2008

UNiTE – Nýtt átak Sameinuðu þjóðanna



Á kvennapingi Sameinuðu þjóðanna í febrúar 2008 kynnti Ban Ki Moon aðalfrankvæmdastjóri SP nýtt átak sem kallast UNiTE. Átakið miðar að því að binda endi á ofbeldi gegn konum og mun standa til ársins 2015. Sama ár á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að vera náð. Þessi tenging átaksins við þúsaldarmarkmiðin er gerð til að undirstrika þá staðreynd að þeim verði ekki náð nema ofbeldi gegn konum verði upprætt. Meginmarkmiðið er að auka vitneskju almennings um þetta vandamál sem og að auka pólitískan vilja til að binda endi á kynbundið ofbeldi. Í tengslum við átakið hefur Ban Ki Moon vakið sérstaka athygli á ofbeldi gegn konum á hinum ýmsu alþjóðafundum þar sem hann hefur tekið þátt.

Say NO to Violence Against Women
Í nóvember 2007 fóru höfuðstöðvar UNIFEM af stað með átakið *Say NO to Violence against Women* í samstarfi

við velgjörðarsendiherra sinn Nicole Kidman. Átakið stóð yfir í ár og lauk því 25. nóvember 2008 á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi. Átakið fólst í undirskriftasöfnun á netinu og var markmiðið að safna einni milljón undirskrifta. Megintilgangur undirskriftasöfnunarinnar var að hvetja ríkisstjórnir heims til þess að tryggja öryggi og rétt kvenna til lífs án ofbeldis. Það hefur sýnt sig að sterkur pólitískur vilji til þess að binda endi á ofbeldi gegn konum er eitt sterkasta vopnið í baráttunni. Í flestum ríkjum heims gæti bætt lagasetning, framkvæmd laga, eftirfylgni, skilvirkari löggæsla og dómskerfi minnkað ofbeldi gegn konum til



muna. Þegar átakinu lauk höfðu fjórar milljónir undirritað átakið og þeirra á meðal margir þingmenn, ráðherrar og aðrir valdhafar. Þegar átakinu lauk voru undirskriftirnar sendar formlega til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna sem munu nú vekja athygli á þessum viðtæka stuðningi við átakið meðal aðildarríkja sinna. Þess ber einnig að geta að þegar 100 þúsund undirskriftum var náð gaf Styrktarsjóður SP sem Ted Turner setti á stofn 100 þúsund Bandaríkjadali til Styrktarsjóðs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum.

Ný framkvæmdastýra UNIFEM



Í apríl tók Inés Alberdi við sem framkvæmdastýra UNIFEM af Noleen Heyzer sem gegnt hafði starfinu frá 1994. Inés er spænsk og hefur starfað í 25 ár að málefnum

er varða jafnrétti kynjanna og í stjórn-málum. Áður en hún tók við starfinu hjá UNIFEM hafði hún verið próffessor í félagsfræði við háskólann í Madrid síðan árið 1993. Á árunum 2003–2007 var hún borgarfulltrúi í Madrid. Hún hefur gegnt ýmsum stjórnunar- og sérfræðingsstöðum er varða jafnrétti kynjanna m.a. hjá Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum.



Styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi þakkar öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.

Glitnir

Glitnir og UNIFEM á Íslandi undirrituðu samning sín á milli í ársbyrjun 2007. Þar gerðist bankinn bakhjarl félagsins næstu tvö árin. Glitnir var fyrsta fyrirtækið sem gerði styrktar- og samstarfssamning við UNIFEM á Íslandi en bankinn úthlutaði 10 milljónum úr Menningarsjóði sínum til félagsins. Markmið samstarfsins var að byggja upp innlent fræðslu- og kynningarstarf til að auka almenna þekkingu á mállefnum kvenna í þróunarlöndum og á stríðshráðum svæðum með sérstakri áherslu á baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Styrkurinn markaði tímamót í starfi UNIFEM á Íslandi og veitti félaginu byr undir báða vængi. UNIFEM á Íslandi þakkar Glitni kærlega fyrir stuðninginn.

Eimskip

Eimskip og UNIFEM á Íslandi undirrituðu styrktarsamning við upphaf Fiðrildavikunnar 3. mars. Þar gaf Eimskip út vilyrði fyrir samtals 10 milljón króna styrkveitingu á þremur árum í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Eimskip varð þar með bakhjarl Fiðrildavikunnar. UNIFEM á Íslandi þakkar Eimskip kærlega fyrir stuðninginn.

Landsbankinn

Landsbankinn og UNIFEM á Íslandi undirrituðu styrktarsamning við upphaf Fiðrildavikunnar 3. mars. Landsbankinn veitti 10 milljónum í Styrktarsjóð UNI-

FEM til afnáms ofbeldis gegn konum í tilefni af Fiðrildavikunni og varð þar með bakhjarl hennar. UNIFEM á Íslandi þakkar Landsbankanum kærlega fyrir stuðninginn.

Gutenberg

Gutenberg gekk til samstarfs við UNIFEM á Íslandi í ársbyrjun 2007 og hefur síðan þá veitt félaginu góða afslætti og fría prentun að andvirði 200.000 króna á ári. UNIFEM á Íslandi þakkar Gutenberg gott samstarf.

Utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur um árabil átt farsælt samstarf við íslensk stjórnvöld og þá sérstaklega utanríkisráðuneytið. Árið 2007 var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur við ráðuneytið þar sem utanríkisráðuneytið leggur fimm milljónir króna til reksturs félagsins á ári á tímabilinu. Auk þess styður ráðuneytið við rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna þar sem UNIFEM er til húsa ásamt UNICEF og Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Markmið samningsins er m.a. að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UNIFEM, stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum íslenskra stjórnvalda og auka samvinnu íslenskra stjórnvalda við UNIFEM. UNIFEM á Íslandi þakkar utanríkisráðuneytinu fyrir gott og farsælt samstarf og dyggan stuðning.

Landsbanki Luxembourg

Landsbankinn í Lúxemborg veitti UNIFEM á Íslandi 8 milljón króna styrk til að standa undir kostnaði við Fiðrildaátakið og varð þannig einn af bakhjörum Fiðrildavikunnar. UNIFEM á Íslandi þakkar Landsbanka Luxembourg kærlega fyrir stuðninginn.

Aðrir styrktaratburðir

Nemendur í Menntaskólanum á Akureyri héldu styrktarkvöld í skólanum með tískusýningu og fatamarkaði í maí. Heppnaðist kvöldið mjög vel og söfnuðust um 80.000 krónur. Í nóvember hélt leikhópurinn Leikhús andanna galasýningu á verki sínu *Dansaðu við mig* í Iðnó og runnu 1000 krónur af hverjum seldum miða til UNIFEM. Samtals söfnuðust um 40.000 krónur. Þá hlupu nokkrir fræknir hlauparar til styrktar UNIFEM í Reykjavíkummarþoni Glitnis og söfnuðu með því um 70.000 krónum. Öll framlögin renna í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. UNIFEM á Íslandi þakkar þessum hópum fyrir frumkvæðið og stuðninginn.



Christopher Herwig



Irin News

Fjármál UNIFEM á Íslandi 2008

Framlög, styrkir og tekjur

Framlög, styrkir og tekjur

Á árinu innheimti Landsnefnd UNIFEM 45,1 milljón sem framlög til verkefna UNIFEM. Þar af voru 43,7 milljónir vegna Fiðrildavikunnar en nánar má lesa um hana hér að neðan. Það sem eftir stendur, 1,4 milljónir, eru frjáls framlög og ýmsir minni styrktarabturðir í þágu Styrktarsjóðs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Utanríkisráðuneytið og Glitnir voru bakhjarlar UNIFEM á Íslandi árið 2008. Samningur við utanríkisráðuneytið kveður á um 5 milljón króna styrk á ári í 3 ár, frá 2007 til 2009. Samningurinn við Glitni kveður á um 5 milljónir króna á ári í tvö ár, frá 2007 til 2008. Félagsgjöld á árinu voru 1,4 milljónir.

Útgjöld

Kostnaður vegna Fiðrildaviku var 11,1 milljón á árinu. Þess má þó geta að undirbúningur viðburðarins hófst á árinu 2007 þannig að hluti kostnaðar (eða 1,4 milljónir) féll á árið 2007. Kostnaður vegna annarra viðburða var 1,6 milljónir. Rekstrarkostnaður var 7,1 milljón, þar af var starfsmannakostnaður 5,1 milljón.

Fiðrildavikan

Rúmlega 90,3 milljónir söfnuðust í Fiðrildavikunni. Heildarframlög frá bakhjarlum vikunnar (Landsbankarnir og

Eimskip) voru 28 milljónir. Framlög frá einstaklingum voru 47,5 milljónir. Þar af er framlag Kristínar Ólafsdóttur 20 milljónir en 27,5 milljónir söfnuðust frá einstaklingum í gegnum söfnunaráttak og viðburði í Fiðrildavikunni. Ekki fór allt söfnunarfé vegna fjáröflunarinnar í gegnum skrifstofu landsnefndarinnar. 20 milljón króna einstaklingsframlag og 12 milljón króna framlag utanríkisráðuneytisins var greitt beint í sjóði UNIFEM í New York og kemur því ekki fram í ársreikningi. Framlag frá Eimskip dreifist á þrjú ár en fyrirtækið greiddi 3,4 milljónir af framlagi sínu árið 2008.

Heildarkostnaður Fiðrildavikunnar árin 2007 og 2008 var 12,5 milljónir. Þar af var starfsmannakostnaður 3,4 milljónir, kostnaður vegna vitundavakningar um 3,2 milljónir og kostnaður vegna viðburða 5,9 milljónir. Framlög til landsnefndar til að standa straum af kostnaði við Fiðrildaviku voru 13,4 milljónir. Þar af voru 8 milljónir styrkur frá Landsbankanum í Lúxemborg og 5,3 milljónir voru umsýsluþóknun landsnefndarinnar (8% af framlögum).

Fjöldi viljugra sjálfboðaliða komu að undirbúningi og framkvæmd Fiðrildaviku og var framlag þeirra ómetanlegt. Þar má nefna Elínros Líndal sem gaf vinnu sína í 3 mánuði í þágu átaksins, Kristínu Ólafsdóttur, stjórn UNIFEM á Íslandi og fjölda annarra sem tóku þátt í undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni átaksins.

Helstu tekjur og gjöld

Tekjur	Í þús. kr.
Söfnunarfé	45.113
Félagsgjöld	1.431
Styrkir til reksturs	10.262
Styrkir og tekjur vegna atburða og fjáröflunar	13.424

Samtals 70.230

Kostnaður vegna viðburða, fjáröflunar og fræðslustarfs

Tímarit	556
Morgunverðarfundur	338
Fræðslu- og kynningarstarf	766
Fiðrildavika	11.112

Samtals 12.772

Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður	5.132
Rekstur skrifstofu	1.433
Húsnæðiskostnaður	372
Ferðakostnaður	165

Samtals 7.102

Fiðrildavika

Söfnunarfé	Í þús. kr.
Framlög frá einstaklingum	47.450
Framlög frá fyrirtækjum	30.852
Mótframlag frá utanríkisráðuneyti	12.000
Samtals söfnunarfé	90.302

Kostnaður (2007 og 2008)

Vitundarvakning og fjáröflun	12.500
------------------------------	--------



Overview of 2008

The Butterfly Campaign

A very successful fund raising campaign was held during the first week of March. This particular campaign became known as the Butterfly Week. After the week long campaign the Icelandic National Committee for UNIFEM donated over ISK 90 million to the UN Trust Fund to End Violence against Women. This contribution will particularly be aimed at projects to fight violence against women in Liberia and the Democratic Republic of Congo.

The general public of Iceland showed a very keen interest in the Butterfly Week and many became involved in its events. Perhaps the most original and most interesting event, was the *Auction of Knitted Breasts*. Icelandic women and knitters at best had originally knitted the breasts for a theatrical play, and since the breasts had somehow lost their purpose after the play, they were auctioned off during Butterfly Week. A large sum of money was raised at this auction due to the high demand of the knitted breasts.

The second event was *The Butterfly Walk* in Reykjavík that gathered around 300 people who walked the city's main street in support of the campaign. The third and last main event was the fund raising gala, also known as *The Butterfly Festival*. The purpose of *The Butterfly Festival* was to gather Icelandic women to celebrate women's strength

in support of a good cause. A special guest of honor at the Festival was Ms. Olubanke King-Akerele, the Foreign Minister of Liberia.

On 25th of November 1960, political activists the Mirabal sisters of the Dominican Republic, also known as "The Butterflies" were murdered for their political cause, which caused a major outbreak in their native country. From then on, November 25th was officially marked as the International Day for the Elimination of Violence Against Women, to honor and remember the sisters.

In that respect, the NCI decided to use the butterfly as a symbol for its fund-raising campaign, as the butterfly has for centuries been a symbol for people's transformation to freedom and because of its strong association with the international campaign against gender-based violence. The theory of the butterfly effect refers to how butterfly wings can create tiny changes in the atmosphere, and can ultimately cause an immense influence in the weather system halfway around the world. It is very symbolic for UNIFEM worldwide, as a small contribution can make a great change.

National Cooperation and Awareness

In January, the NCI launched a series of lectures on topics related to women and development. Throughout the year, six

lectures, all very well attended, were held for open discussions regarding women's issues and corporate responsibility in Congo, Sudan, Liberia, the Caribbean, Malawi, Iran and the Balkans.

In August, the NCI had an open house during the annual Reykjavík Culture Night inviting people to get acquainted with UNIFEM, by means of listening to music and look at photographs, artifacts and national costumes of women from around the globe.

In the same month, the NCI launched an Icelandic branch of the *Say NO to Violence* Campaign, where three Ministers signed the campaign on behalf of the Icelandic cabinet. The NCI opened up an Icelandic version of the petition on their own website and collected 10.000 signatures. Signatures were collected amongst other things by challenging the largest companies in Iceland to encourage their employees to sign the petition during a popular radio show, volunteers collected signatures in a shopping mall and Icelandic celebrities declared their support for the campaign in radio ads.

In September, the NCI and other UNIFEM national committees gathered for a consultative meeting in Iceland in order to empower the NC's to strengthen their joint efforts. The meeting turned out to be very successful.



In commemoration of the International Day for the Elimination of Violence Against Women, the NCI invited Gro Lindstad, the Chief of Intergovernmental Relations at UNIFEM headquarters, to be a keynote speaker at its 25th of November annual breakfast meeting. Her presentation covered two topics, UNIFEM's campaign Say NO to Violence Against Women and the UN Trust Fund to End Violence Against Women. During her stay, she held a press conference and met with the department for International and Security Affairs at the Ministry of Foreign Affairs as well as the Committee on Foreign Affairs at the Parliament.

That same day in November, the NCI published its annual magazine, which emphasized on how the works and efforts of UNIFEM are carried out. The aim of the annual publication is to increase general public's awareness and interest of the cause and efforts of UNIFEM.

Sponsors of the NCI in 2008

In the beginning of the year 2007, an important contract was signed with Glitnir bank in support of the operation of the NCI. The aim of the contract is to assist the NCI in its efforts to disseminate information about the cause of women in developing countries and the efforts of UNIFEM worldwide and thereby create a public awareness, with a special focus on violence against

women. The contract constitutes of ISK 10 million to cover the operational cost of the NCI in year 2007 and 2008. Glitnir bank is the first private company to support the work of the NCI this way.

Eimskip, shipping company, and Landsbanki bank both signed a contract with the NCI at the beginning of the Butterfly Week where both companies became core sponsors of the campaign and committed to give ISK 10 million each to the UN Trust Fund to End Violence Against Women. Landsbanki bank in Luxemburg also sponsored the campaign by donating ISK 8 million to cover operational cost related to the Butterfly Festival.

In the beginning of 2007 the NCI signed a contract with the Ministry of Foreign Affairs that stipulates ISK 5 million per year for three years (2007-2009) to the NCI in cooperation for increasing public's awareness and interest for UNIFEM. In addition, the agreement encourages gender mainstreaming into public policy making and increased cooperation between the NCI and Icelandic authorities. Furthermore, the Ministry of Foreign Affairs donated ISK 12 million to UNIFEM in the Caribbean in support of the Butterfly Campaign.

And finally, the Gutenberg printing house supported the NCI by providing discounts of printing material and thereby contributed to the goal of the

NCI of carrying out its mission of raising public awareness and fundraising with as little cost as possible.

At last but not least, praise and gratitude goes to the individuals, groups and other companies who contributed to the NCI this year. Such contributions and dedications are highly appreciated.

Government Support

The Government in Iceland has increased its support to UNIFEM considerably in the last few years. In 2003 the allocation from the Icelandic Government was ISK 2.8 million and by 2008 the numbers had increased to ISK 87.5 million. The Minister of Foreign Affairs has repeatedly emphasized the importance of empowering women and considers that women are extremely important in policy making, peace negotiations and other related issues on the international arena. With that in mind, the Minister of Foreign Affairs believes that UNIFEM is a partner and a key player in developmental assistance.

Currently, the Ministry also sponsors five UNIFEM field positions, which are occupied by Icelandic staff. Three Icelanders were recruited by the Icelandic Crisis Response Unit of the Ministry for Foreign Affairs to work for UNIFEM field missions in Serbia, Bosnia and Liberia and two women were recruited to work as JPO's at the UNIFEM headquarters New York.



Á myndinni eru: Margrét Rósa, Elsa, Friðbjörg, Dóra Sif, Katrín, Hanna Björg, Sigríður Erla, Jónína, Regína, Magnea og Steinunn

Á myndina vantar: Sigríði Ingibjörgu og Örnú

Stjórn UNIFEM á Íslandi 2008–2009

Formaður

Regína Bjarnadóttir, þróunarhagfræðingur

Varaformaður

Magnea Marinósdóttir, stjórn málafræðingur

Gjaldkeri

Elsa Guðmundsdóttir, háskólanemi

Meðstjórnendur

Arna Garðarsdóttir, starfsmannastjóri

Dóra Sif Tynes, lögfræðingur

Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri og MA nemi í menningarstjórnun

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, framhaldsskólakennari

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur

Sigríður Erla Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Varastjórn

Katrín Hauksdóttir, MA nemi í HÍ

Jónína Helga Þórólfsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum

Margrét Rósa Jochumsdóttir, þróunarfræðingur

Framkvæmdastýra

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

BA í mannfræði



Verndari UNIFEM á Íslandi

Kristín Ólafsdóttir, framleiðandi

Takk!

Stjórn og starfsfólk UNIFEM á Íslandi á mikið að þakka þeim mörgu samstarfsaðilum og velunnurum sem koma að starfi félagsins. Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt okkur mikinn velvilja og stuðning. Margir hafa veitt félaginu gjafir og afslætti og stutt þannig við reksturinn. Fjöldi sjálfbóðaliða hefur tekið þátt í starfinu og gert það að veruleika. Við sendum okkar bestu þakkir og kveðjur til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg.

UNIFEM á Íslandi
Laugavegi 42
Miðstöð Sameinuðu
þjóðanna á Íslandi
101 Reykjavík
Sími 552 6200
unifem@unifem.is

